

Garðabær
b.t. bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabær



Reykjavík, 14. júní 2021

Efni: Hjúkrunarheimilið Ísafold

Með samningi, dags. 6. janúar 2017, sömdu Garðabær og Sjómannadagsráð um rekstur hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ. Með samningnum tók Sjómannadagsráð við rekstrinum af Garðabæ, sem hafði rekið heimilið frá stofnun þess árið 2013.

Allt frá stofnun hefur hjúkrunarheimilið staðið frammi fyrir töluverðum rekstrarerfiðleikum og á fundi bæjarráðs Garðabæjar þann 1. september 2020 og á fundi bæjarstjórnar þann 3. september s.á. var bókað að „komi ekki til viðbótarfjármagn frá ríkinu til reksturs Ísafoldar og Sjómannadagsráð segir sig frá samningi við Garðabæ samþykkir bæjarstjórn Garðabæjar að fela bæjarstjórn að undirbúa að afhenda ríkinu reksturinn.“

Með viðauka við samstarfssamning Garðabæjar og Sjómannadagsráðs, dags. 12. október 2020, féllst Garðabær á að greiða viðbótarframlag til rekstursins auk þess sem tekið var fram að komi ekki til verulegrar hækkunar til hjúkrunarheimila á fyrri hluta þessa árs sé sýnt að heimilið verður áfram rekið með tapi og því eru forsendur brostnar fyrir báða aðila að annast reksturinn.

Það er ljóst að sá tími sem áætlaður var í upphafi til að snúa við erfiðum rekstri var of skammur enda taka slíkar breytingar langan tíma. Rekstrarhalli Ísafoldar var verulegur þegar Hrafnista tók við rekstri auk þess sem Hrafnistu bar skylda til að fylgja lögum um aðilaskipti. Síðan þá hefur verið sólarlagsákvæði á kjarasamningum sveitarfélagsins sem hafa að geyma hærri kjör en kjarasamningar ríkisins. Það fór heldur ekki fram hjá neinum að á síðasta ári gekk yfir heimsfaraldur og í kjölfarið á honum mikil rekstraróvissa tengd Betri vinnutíma hjá vaktavinnufólki. Þá hefur lækkað smæðarálag og árleg hagræðingarkrafa upp á 0,5% sannarlega áhrif.

Niðurstaða er því sú að þrátt fyrir aukagreiðslur frá Garðabæ hefur rekstur heimilisins ekki staðið undir sér og hafa aðilar átt fundi til þess að fara yfir stöðuna. Á fundi aðila þann 5. maí sl. kom skýrt fram af hálfu Garðabæjar að ekki stæði lengur vilji til þess að koma að rekstri heimilisins og með bréfi Garðabæjar til heilbrigðisráðuneytisins þann 18. maí sl. greindi sveitarfélagið frá því að ekki væri lengur vilji til þess af hálfu bæjarins að bæta taprekstur Ísafoldar. Óskaði Garðabær því eftir viðræðum við ráðuneytið um yfirtöku ríkisins á rekstri hjúkrunarheimilisins.

Að öllu framangreindu virtu og með vísan til 4. og 5. gr. framangreinds viðauka segir Sjómannadagsráð hér með upp samstarfssamningi aðila um rekstur hjúkrunarheimilisins Ísafoldar. Samhliða uppsögn þessari mun Hrafnista segja upp samningi sínum við Sjúkratryggingar Íslands.

Skil á húsnæði heimilisins og búnaði munu fara fram í samræmi við 13. gr. samningsins og óskum við eftir viðræðum við Garðabæ um framkvæmd skilanna svo ferlið gangi sem allra best og hafi sem minnst áhrif á íbúa og starfsfólk heimilisins. Hrafnista og Sjómannadagsráð þakka samstarfið á liðnum árum.

Formaður sjómannadagsráðs vill þó taka skýrt fram að áhugi er enn til staðar hjá stjórn Sjómannadagsráðs og stjórnendum Hrafnistu að halda áfram að ná tökum á rekstri heimilisins ef viðbótarfjármagn sé tryggt í umsaminn tíma.

Virðingarfyllst,

Hálfdan Henrysson,
formaður Sjómannadagsráðs

María Fjóra Harðardóttir,
forstjóri Hrafnistu

F.h. formanns
Ariel Pétursson
Varaform. Sjómannadagsráðs